

Lög

um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008 (borgaraleg skylda).

1. gr.

Ákvæði til bráðabirgða II í lögum orðast svo:

Það er borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila að gegna störfum í þágu almanna-
varna á hættustundu. Opinberum aðilum er heimilt að fela starfsmönnum tímabundið breyttar
starfsskyldur og að flytja starfsmenn tímabundið milli starfsstöðva og opinberra aðila til að
sinna verkefnum sem hafa forgang á hættustundu. Starfsmenn halda óbreyttum launakjörum
við slíkar aðstæður. Þó er starfsmaður undanþeginn framangreindri skyldu sé heilsufari hans,
eða annars einstaklings sem hann ber ábyrgð á, svo háttáð að öryggi hans og heilsu sé stefnt
í sérstaka hættu með því að fela honum að gegna slíkum störfum.

Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2022.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Samþykkt á Alþingi 11. mars 2021.